

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1938.

Nr. 147/1937. **Réttvísín** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Péttri Ingimundarsyni

(Garðar Þorsteinsson).

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn ákvæðum 102. gr.
alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Með játningu ákærða er það sannað, að hann hefir við húsbunann á Sundlaugaveg þann 29. júlí f. á. illyrt lögreglumanninn Bjarna Eggertsson vegna afskipta lögreglunnar af slökkviliðsbifreið, sem þar var, og að ákærði hefir í því sambandi viðhaft stórrýði um lögregluna, þó þannig, að hann kveðst einungis hafa átt við lögreglumenn þá, sem við húsbunann voru staddir. Hver orð ákærði lét sér um munn fara er þó ekki fullljóst, með því að hann hefir ekki gengið við neinum ákveðnum illyrðum, enda þótt hann telji Bjarna hafa ummælin rétt eftir sér að efni til, og tveir lögreglumenn, sem hlýddu á orðahendingar þeirra ákærða og Bjarna, hafa ekki gerzt vitnismenn ummælanna „bullur“ og „helvítis dónar“, sem Bjarni hermir eftir ákærða. Svigurmæli ákærða til lögreglumannanna voru að vísu óheimil og ótilhlýðileg, en þegar litið er til þess, að lögreglumennirnir höfðu unnið til aðfinninga af hálfu ákærða með því að aka úr stað slökkviliðsbifreiðinni að honum fornspurðum og fara þannig inn á

verksvið hans, sbr. 23. gr. laga nr. 85 frá 1907, og þegar þess er ennfremur gætt, að ákærði hafði þarna fullt fang að fást við slökkvivilraunirnar, sem hann kveðst hafa orðið að framkvæma með handslökkvítækjum, vegna þess að bið varð á, að til vatns næðist, og ákærði var þess vegna í æstu skapi, þá þykir ekki bera að gera honum refsingu fyrir greinda framkomu sína í máli þessu.

Samkvæmt þessum málslyktum ber að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða þar, 65 krónur, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors, úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Ingimundarson, á að vera sýkn af kærnum og kröfum réttvísinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða í héraði, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns 65 krónur og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 70.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. nóv. 1937.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Péttri Ingimundarsyni slökkviliðsstjóra, til heimilis á Freyjugötu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, hann er fæddur 1878. Hann hefir ekki áður svo kunnugt sé sætt ákæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Þriðjudaginn 29. júlí 1937 kom upp eldur í svonefndu Fuglahúsi við Sundlaugaveg í Reykjavík. Sex lögregluþjónar fóru á brunastaðinn til að halda þar uppi reglu. Er á brunastaðinn kom, fól lögregluvaktstjórinn Magnús Eggertsson þeim Bjarna Eggertssyni lögregluþjóni og Jóhanni Ólafssyni lögregluþjóni að sjá um að umferð tepptist ekki á Sundlaugaveginum. Stóðu þá tvær slökkviliðsbifreiðar hlið við hlið á veginum og lokuðu algerlega umferðinni. Bað Bjarni þá Jóhann að aka annari bifreiðinni fram fyrir hina. Er Jóhann var að byrja að aka bifreiðinni af stað, kallaði Kjartan Pétursson slökkviliðsmaður til hans og bannaði honum að flytja bifreiðina, og stöðvaði þá Jóhann bifreiðina þegar í stað. Fór þá Kjartan til ákærða í máli þessu. Péturs Ingimundarsonar slökkviliðsstjóra, er var staddur við hið logandi hús, og skýrði honum frá þessu. Ákærði sveif þá þegar á Bjarna Eggertsson lögregluþjón með hörkuskömmum, og kveður Bjarni hann hafa sagt meðal annars, að lögregluþjónarnir væru „bullur“ og „helvítis dónar“ og að það væri hart að þurfa að segja það, að lögregluþjónarnir væru einu mennirnir, sem flæktust fyrir, er slökkviliðið væri að verki.

Ákærði hefir fyrir réttinum viðurkennt að hafa svifið á lögregluþjóninn með hörkuskömmum, en kveðst ekki muna, hvort hann hafi kallað lögregluþjónana „bullur“ og „helvítis dóna“, en það geti vel verið, og hefir hann viðurkennt, að ummælin væru rétt eftir sér höfð að efni til, en með þeim hafi hann einungis átt við lögregluþjóna þá, sem þarna voru, en ekki lögregluþjóna bæjarins yfirleitt. Þó neitar ákærði að hafa sagt, að lögregluþjónarnir væru einu mennirnir, sem flæktust fyrir slökkviliðinu, er það væri að verki, en kveðst hafa sagt, að lögregluþjónarnir gerðu slökkviliðinu oft óleik, meðal annars með því, að troðast inn í logandi hús meðan á slökkvistarfinu stæði, og hefir ákærði haldið því fram fyrir réttinum, að lögregla bæjarins hafi, einkum nú upp á síðkastið, bæði flækt fyrir slökkviliðinu og vanrækt mjög skyldu sína til að halda uppi reglu við eldsvoða og bægja óviðkomandi fólki frá

brennandi húsum, og hefir ákærði lagt fram fjölda vottorða frá slökkviliðsmönnum bæjarins þessu til staðfestingar.

Það var að visu ekki rétt af lögregluþjónunum að byrja að færa slökkviliðsbifreiðina án samþykkis slökkviliðsstjóra, sem þeir hefðu þó getað náð til, ef þeir hefðu reynt það, en hvorki þetta né hin framlögðu vottorð um vanrækslu lögreglunnar við eldsvoða gat þó á nokkurn hátt að álitu réttarins réttlætt framkomu ákærðs og þau ósæmilegu orð, sem telja verður sannað, að ákærði hafi haft við lögregluþjónana, sem þarna voru að gegna sinni sýslan.

Ákærði hefir því að álitu réttarins með þessu framferði, sem að framan er lýst, gerzt sekur við 102. grein hinna almennu hegningarlaga, en með tilliti til þess, að lögregluþjónarnir höfðu með atferli sínu gefið nokkuð tilefni til þessarar framkomu ákærða, þykir rétt að ákveða refsinguna með hliðsjón af 103. grein hegningarlaganna, og þykir refsingin hæfilega ákveðin 100 króna sekt til rikissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 daga einföldu fangelsi. Svo greiði ákærður allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hæstaréttarmálflutningsmanns Garðars Þorsteinssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 65.00.

Á máli þessu hefir ekki orðið neinn óþarfur dráttur.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Pétur Ingimundarson, greiði 100 króna sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 daga. Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 65.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.